

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

## FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2014-2015 01.06.2015 11. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Síðustu skóladagarnir eru að renna upp og aðeins ein vika eftir af skólaárinu þegar þetta fréttabréf berst til ykkar. Á næstu blaðsíðu er skipulag umhverfisdaganna sem eru 3. og 4. júní og gott er að kynna sér það vel. Mörgum finnst að þegar börnin hætta að sitja yfir námsbókunum sé formlegu skólastarfi lokið en það er ekki í hugum okkar sem störfum í skólanum. Markmiðið með umhverfisdögunum er að leggja aðrar áherslur í náminu, skoða ýmislegt í náttúrunni og hvað grenndarsamfélagið hefur upp á að bjóða. Einnig er slíkt uppbot gott til að efla félagsþroska nemenda.



Nú er búið að ráða í þrjár stöður í sérdeildinni. Nýju starfsmennirnir eru Anna Dögg Sigurjónsdóttir stuðningsfulltrúi, Svanborg Bobba Guðgeirsdóttir þroskaþjálfari og Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir kennari. Við bjóðum þetta nýja starfsfólk velkomnið í skólann okkar. Aðrar starfsmannabreytingar sem vitað er um er að Harpa Marín Traustadóttir, Eyrún Anna Finnsdóttir og Inga Björk Harðardóttir fara til annarra starfa. Einnig verður Laufey Hallfríður Svavarsdóttir í leyfi næsta skólaár og verið er að auglýsa eftir aðstoðarmatráði í mötuneytið. Sigurbjörg Bjarnadóttir kemur aftur til starfa eftir námsleyfi.

Af lekamálinu í kjallaranum er það að fréttu að nú er talið að búið sé að koma í veg fyrir lekann og verið er að vinna í að þurrka upp vatnið þannig að hægt sé að hefjast handa við að koma þessum hluta af skólanum í stand aftur. Við vonum að þeim framkvæmdum ljúki í sumar.

Þar sem þetta er síðasta fréttabréfið á skólaárinu vil ég þakka ykkur kæru nemendur og foreldrar fyrir samstarfið á þessu fyrsta starfsári mínu sem skólastjóri. Þetta hefur verið afar lærdómsríkt og gefandi fyrir mig. Ég hlakka til áframhaldandi samstarfs við ykkur á næsta skólaári en það hefst með skólasetningu þann 21. ágúst. Einnig vil ég nota tækifærið og bjóða nýja nemendur velkomna í skólann en þetta er fyrsta fréttabréfið sem berst til foreldra nemenda í tilvonandi 1. bekk. Að lokum óska ég þeim nemendum sem eru að fara frá okkur góðs gengis í nýjum skóla.

Megið þið eiga ljúfa og góða daga í sumarleyfinu!

Ólöf Inga

### Skólaslit vorið 2015

verða föstudaginn 5. júní sem hér segir:

Nemendur í 1. - 4. bekk mæti kl. 9.00

Nemendur í 5. - 9. bekk mæti kl. 10.00

Nemendur í 10. bekk mæti kl. 15.00 í Gleráarkirkju.

Skólastjóri flytur stutt ávarp á sal og að því loknu hitta nemendur umsjónarkennara í bekkjarstofum og taka við vitnisburði. Áætlað er að þessi stund vari í ca. 1 klst.

Nemendur í 10. bekk mæta kl. 15:00 í kirkjuna á útskriftarathöfn 10. bekkjar. Foreldrar mæta að sjálfsögðu með en aðrir fjölskyldumeðlimir eru einnig velkomnir.

Að lokinni útskrift er öllum boðið í kaffi í mötuneyti skólans.



### Á döfinni í júní

3. - 4. júní Umhverfis dagar

5. júní Skólaslit

**Opnunartími Frístundar:** Föstudaginn 5. maí er Frístund opin til kl. 16.00 fyrir skráð börn. Önnur börn í 1.- 4. bekk sem eru ekki skráð geta verið til kl. 13.00. Sjá nánar póst frá Guðmundi umsjónarmanni Frístundar.

Ábyrgðarmaður: Ólöf Inga Andrésdóttir



### Foreldrar athugið:

Enn eru ýmis konar tertuföt og diskar í óskilum eftir Vorhátíðina.

Vinsamlegast nálgist

hlutina sem fyrst hjá Svövu ritara.

## UMHVERFISDAGAR 2015

Hér fyrir neðan er dagskrá fyrir umhverfisdagana 3. og 4. júní.

Grillaðar pylsur verða fimmtudaginn 4. júní í boði fyrir alla.

Skóladeginum lýkur kl. 13.00 báða þessa daga og þeir sem eru skráðir í Frístund fara þangað.

Miðvikudagur 3. júní	Fimmtudagur 4. júní.
<b>1. bekkur</b> Farið á fjölskyldusvæðið við Akureyrarsundlaug. Leikir á lóð Brekkuskóla	<b>1. bekkur</b> Tjaldað við Rauða róló/ nesti Grill í Síðuskóla
<b>2. bekkur</b> Fjölskyldugarðurinn við Ak.sundlaug. Lystigarðurinn.	<b>2. bekkur</b> Í Innbæinn að sigla bátum, sem nemendur smíðuðu. Ís í Brynju og grill í Síðuskóla
<b>3. bekkur</b> Leikir á lóð Brekkuskóla. Sund í Akureyrarlaug. Gönguferð niður að Amtsbókasafni.	<b>3. bekkur</b> Fara með strætó í bæinn. Skoða Lystigarðinn. Grill í Síðuskóla
<b>4. bekkur</b> Golfkennsla á golfvellingum.	<b>4. bekkur</b> Hjóla-eða gönguferð í Lögmannshlíð. Gróðursetning á birkiplöntum Grill í Síðuskóla
<b>5. bekkur</b> Ferð í Minjasafnið og sund í Akureyrarlaug.	<b>5. bekkur</b> Skoðunarferð í Rauða krossinn á hjólum. Ísferð. Grill í Síðuskóla
<b>6. bekkur</b> Heimsókn í Iðnaðarsafnið.	<b>6. bekkur</b> - Dagská í höndum umsjónarkennara. Grill í Síðuskóla
<b>7. bekkur</b> Hjóla- eða gönguferð í Kjarnaskóg, grillað þar.	<b>7. bekkur</b> Ratleikur í bænum. Grill í Síðuskóla.
<b>8. bekkur</b> Ferð í Naustaborgir. Verkefni s.s. fuglagreining – plöntugreining – fjallahringurinn. Nesti í Lystigarðinum og sund í Akureyrarlaug.	<b>8. bekkur</b> Ljósmyndasamkeppni. Grill við Síðuskóla.
<b>9. bekkur</b> Hamrar - Leikir	<b>9. bekkur</b> Ganga í Krossanesborgir, stríðsminjar, fuglalíf og fl. Grill við Síðuskóla
<b>10. bekkur</b> Ferð í Mývatnssveit	<b>10. bekkur</b> Dagskrá á vegum umsjónarkennara. Grill í Síðuskóla

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landsamtaka foreldra voru afhent í 20. sinn þann 20. maí við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður Heimilis og skóla, afhenti verðlaunin ásamt Gísla H. Guðlaugssyni, formanni dómnefndar.



Meðal tilnefninganna 35 voru þessar tvær:

**Heimir Eggerz Jóhannsson.** Heimir er formaður foreldra- og kennarafélags Síðuskóla og hefur sinnt því starfi frá árinu 2012. Foreldrafélagið hafði fram að því verið atkvæðalítið og hlutirnir í föstum skorðum. Hann hefur verið mjög drífandi í starfinu og sýnt frumkvæði og verið öðrum góð fyrirmynd. Hann er einnig formaður SAMTAKA sem eru samtök foreldrafélaga í grunnskólum Akureyrar. Þar hefur hann verið enn öflugri. Hann tók sæti í því félagi á vordögum 2013. Það er sama sagan þar, SAMTAKA var frekar atkvæðalítið og lítið frumkvæði kom þaðan. Þessu hefur Heimir breytt til mikilla bóta. Hann er driffjöðrin í flestum verkefnum sem SAMTAKA tekur þátt í/stendur fyrir. Heimir er varamaður í skólanefnd Akureyrar og var nýlega kosinn í stjórn Heimilis og skóla. Fyrir hans tilstuðlan hefur samstarf við skóladeild Akureyrar og fræðslustjóra aukist til muna. „Rödd“ foreldra heyrir mun oft og herra en áður.

**Stjórn FOKS** – foreldra- og kennarafélags Síðuskóla Stjórn FOKS er mjög virk og fylgist vel með því sem gerist í skólastarfinu. Stjórnendur og kennarar Síðuskóla geta alltaf leitað til félagsins og má segja að það skipti ekki máli um hvað er beðið, bóninni er svarað jákvætt og um hæl. Í ár hefur aldrei gengið eins vel að innheimta félagsgjöld og hafa skólanum verið gefnar ýmsar gjafir sem hægt er að nota í skólastarfinu. Þegar vantar hendur til að aðstoða í skólanum þá er alltaf tekið vel í það hvort sem það er aðstoða í frístund, grilla á vordögum eða hjálpa til á einhvern annan hátt. Það er ómetanlegt fyrir skóla að hafa slíkt bakland og má segja að þarna starfi allt skólasamfélagið saman við að hlúa að nemendum og starfi skólans. Ekki unnum við að þessu sinni en það er mikil virðing að fá tilnefningu.

Grunnskólamót UFA er haldið árlega í Boganum í maí fyrir nemendur í 4.–7. bekk. Mótið fer fram á skólatíma og mæta krakkarnir til keppni með sínum kennurum. Keppt er í stigakeppni í hverjum árgangi og samanlagt.

Yfir þúsund nemendur tóku þátt í ár og stóðu nemendur Síðuskóla sig með ágætum. Þrjátíu nemendur í Síðuskóla fengu boðskort frá UFA fyrir að hafa náð að vera á meðal tíu efst í mótinu. Þessum nemendum er boðið að æfa frítt hjá UFA til 30. júní. Æfingar fara fram á Þórsvellinum en nánari upplýsingar má sjá á [ufa.is](http://ufa.is)



### Mannkynssöguverkefni í 4. bekk

Fimmtudaginn 28. maí buðu nemendur í 4. bekk foreldrum og ættingjum að koma í skólann til að hlýða á kynningu þeirra á ýmsum verkefnum sem þeir hafa unnið undanfarið um þekktar persónur, lönd og staði úr mannkynssögunni. Allt tókst þetta með ágætum þrátt fyrir að rafmagnið færi af í annarri stofunni um tíma. Eftir kynninguna sýndu nemendur foreldrum margvísleg verkefni sem þeir hafa unnið í gegnum tíðina og að lokum var vöflukaffi.



## Gangi ykkur vel 10. bekkingar!

Myndin er af 10. bekkningum og var tekin á árshátíð skólans í febrúar s.l. Þau hafa flest verið hér í skólanum í 10 ár sem er þó nokkur partur af heillri mannsævi.

Við óskum ykkur öllum í 10. bekk velfarnaðar á komandi árum og hlökkum til að mæta ykkur flestum á götum bæjarins næsta vetur sem virðulegum framhaldsskólanemum.

Kærar kveðjur frá starfsfólki Síðuskóla.



## Velkomnir tilvonandi 1. bekkingar!

Næsta haust munu ca. 40 nemendur hefja nám í 1. bekk Síðuskóla. Á sama hátt og það er stór áfangi að útskrifast úr grunnskóla er það einnig stórt skref að hefja nám í grunnskóla. Við bjóðum ungu nýnemana velkomna í skólann með haustinu og hlökkum til að vinna með þeim næstu tíu árin eða svo.



Vorhátíð Síðuskóla 2015

Á matseðlinum í júní er boðið upp á eitthvað óvænt alla dagana sem fólkið í eldhúsinu töfrar fram. Síðasta skóladaginn verða grillaðar pylsur í boði fyrir alla.